



Skipulagsstofnun  
Rúnar Dýrmundur Bjarnason  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík

**Umhverfisstofnun**  
Environment and Food Agency of Iceland

✉ Suðurlandsbraut 24  
IS - 108 Reykjavík, Iceland  
☎ (+354) 591 2000  
Fax (+354) 591 2010  
umhverfisstofnun@ust.is  
www.umhverfisstofnun.is

Reykjavík, 20. febrúar 2006  
Tilvísun: UST20060100183/kg

### Breikkun Nýbýlavegar og tenging hans við Hafnarfjarðarveg

Vísað er til erindis yðar, dags. 19. janúar sl., þar sem óskað var eftir álti Umhverfisstofnunar á því hvort og á hvaða forsendum framangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum skv. lögum nr. 106/2000. Umhverfisstofnun hefur nokkrar athugasemdir við framkvæmdina og vill koma á framfæri eftirfarandi ábendingum:

#### Hljóðvist og samræmi við deiliskipulag

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að í samþykktu deiliskipulagi fyrir Lundarhverfi hafi verið gerð grein fyrir áætluðu hljóðstigi miðað við þá legu gatna sem nú er áætluð. Í auglýsingu um deiliskipulagið (nr. 310/2005) segir einnig: „Í skipulagsskilmálum hefur umfjöllun um hljóðvist verið endurbætt og gerð ítarlegri bæði í almennum ákvæðum og sérákvæðum. Þá hefur greinargerð Almennu verkfræðistofunnar um hljóðvist í Lundarhverfi dags. 20. apríl 2004 verið bætt við skilmálaheftið.“ Samkvæmt framansögðu verður að telja að byggingaraðilar og framtíðarárbúar hafi greiðan aðgang að áætlaðri hljóðvist og gera verður þá kröfу að við hönnun og byggingarframkvæmdir verði þess ætíð gætt að hljóðvist uppfylli gildandi ákvæði laga og reglugerða um hljóðvist fyrir utan glugga.

Í ljósi framanritaðs telur Umhverfisstofnun að upplýsingar um hljóðvist séu nægjanlega ljósar fyrir Lundarhverfi og ekki líklegt að framkvæmdin hafi umtalsverð áhrif hvað það varðar. Stofnunin ítrekar þó ábyrgð byggingaryfirvalda sveitarfélagsins, heilbrigðisnefndar og framkvæmdaraðila varðandi það að byggingar uppfylli ákvæði um hljóðvist innan sem utan glugga, og um viðeigandi ráðstafanir þar að lútandi.

#### Hljóðvist fyrir sunnan breyttan Nýbýlaveg

Næst sunnan við fyrirhugað framkvæmdasvæði er þjónustu- og iðnaðarsvæði sem að mestu skermir af íbúðarsvæði þar bak við. Umhverfisstofnun telur óheppilegt að ekki skuli hafa verið gerð grein fyrir hljóðvist fyrir sunnan breyttan Nýbýlaveg og bendir á að vegna uppbyggingar á Lundarhverfi eykst umferð miðað við að ekkert hefði þar verið byggt. Þar sem um það svæði mun gilda ákvæði um frávik I í hávaðareglugerð (nr. 933/1999) vegna breytingar á umferðaræð í byggð, telur Umhverfisstofnun ólíklegt að framkvæmdin ein og sér muni hafa það mikil áhrif að hljóðvist versni til mikilla muna á svæðinu. Umhverfisstofnun hvetur Kópavogsbað þó til að kanna hljóðstig í íbúðarsvæðum umhverfis Nýbýlaveg þar sem

ljóst er að um veginn er og verður umtalsverð umferð. Einkum má gera ráð fyrir auknum hávaða umhverfis eystra hringtorgið þar sem nú er nánst frjálst flæði umferðar til austurs og vesturs. Leiði úttektin í ljós að hávaði sé umfram reglugerðir mælist stofnunin til að heilbrigðisnefnd grípi til viðeigandi ráðstafana.

### Efnisöflun

Samkvæmt upplýsingum í gögnum framkvæmdaraðila er ekki gert ráð fyrir umtalsverðum efnisflutningum til og frá svæðinu heldur verði efni nýtt á svæðinu. Að því tilskyldu að ekki verði opnaðar nýjar efnisnámur í því skyni að afla efnisins telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að þessi þáttur valdi umtalsverðum umhverfisáhrifum.

### Frárennsli

Umhverfisstofnun styður áætlanir um að koma upp settjörn sem taki við afrennsli af Lundarhverfi og Nýbýlavegi. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að dregið verði eins og kostur er úr því að ofanvatni af Hafnarfjarðarvegi, Nýbýlavegi og hverfum þar um kring sé veitt beint út í Fossvog en þar er vinsælt útvistarsvæði, mikilvægar leirur og aðrar merkar náttúrumínjar.

Umhverfisstofnun vekur þó athygli á að fyrirhuguð settjörn er staðsett alveg við áætlað íbúðahverfi. Settjörnin mun innihalda mengað vatn og mengað set og verður að gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir að börn leiki sér í, á og við settjörnina.

### Sjónræn áhrif

Umhverfisstofnun bendir á að litlar sem engar upplýsingar liggja fyrir um útlit fyrirhugaðra skerma við Nýbýlaveg og Hafnarfjarðarveg, sem og umhverfis fyrirhugaða bensinstöð, en þekkt er að slíkir skermar geta valdið deilum ef illa er staðið að verki. Umhverfisstofnun leggur áherslu á að hljóðvist innan Lundarhverfis verði í samræmi við ákvæði reglugerða þar um en til þess að svo verði gegna hljóðskermar mikilvægu hlutverki samkvæmt framlögðum gögnum.

### Niðurstaða

Að teknu tilliti til ákvæða í III. viðauka laga nr. 106/2000 og með hliðsjón af fyrilliggjandi gögnum um fyrirhugaða framkvæmd telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að breikkun Nýbýlavegar og tenging hans við Hafnarfjarðarveg muni valda umtalsverðum umhverfisáhrifum né að framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000.

Virðingarfyllst

Sigurbjörn Gísladóttir  
forstöðumaður

Kristján Geirsson  
fagstjóri